



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ Samfélagsgreinar – 1. bekkur

Undir samfélagsgreinar í grunnskóla heyrir, saga, landafræði, trúarbrögð, þjóðfélagsfræði, heimspeki, siðfræði og lífsleikni. Það er skylda hvers samfélags að fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf.

Samfélagsgreinum er ætlað að hjálpa nemendum að bregðast við áskorunum úr umhverfinu og nærsamfélaginu í krafti skynsemi sinnar og gera þeim grein fyrir eigin ábyrgð á þeim leiðum, sem hver og einn velur sér, til þess að fóta sig í félagi við annað fólk og umhverfi.

Samfélagsgreinum er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg- og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum. Nemendur skulu fá leiðsögn í lýðræðislegum vinnubrögðum eins og þau geta komið fyrir á öllum þessum sviðum, hvort sem um er að ræða fjölskylduna, vinahópinn, skólann, nærsamfélagið eða samfélagið í víðara samhengi. Markmið samfélagsgreina er að nemendur tileinki sér réttisýni, gildismat og ábyrgð, sem meðal annars byggir á hæfni til þess að setja sig í spor annarra og hæfni til þess að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir eigin hag og umhverfið. Kennarar styðjast meðal annars við Átthagafræðiskjal skólans, sjá [hér](#).

Matsviðmið

Hæfniviðmið samfélagsgreina er skipt í þrjá flokka, þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim.

Reynsluheimur

Geti borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi. Geti lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.

Geti áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.

Geti áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi.

Geti varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.

Geti gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.

Geti áttað sig á gildi samhjálpur í samfélaginu.

Hugarheimur

Geti sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
Geti bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.
Geti gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.
Áttað sig á tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.
Gerir sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.
Geti gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra.
Geti sett sig í spor annarra jafnaldra.

Félagsheimur

Getur tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
Getur áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.
Getur hlustað á og greint ólíkar skoðanir.
Geti rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
Geti tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.
Geti áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum.
Geti sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
Geti áttað sig á ýmiskonar afleiðingum athafna sinna.
Geti sýnt að hann virði reglur í samskiptum við fólk, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.
Geti sett sig inn í málefni nærsamfélagsins.
Geti sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.

Námsmat

Kennarar meta þau hæfniviðmið sem áhersla er lögð á hverju sinni og unnið hefur verið með, jafnt og þétt yfir skólaárið, og birta á Mentor. Námsmat skiptist á tvær annir; haustönn og vorönn. Til grundvallar námsmati liggja fjölbreytt verkefni, virkni og kannanir. Í sumum verkefnum eru nemendur metnir út frá vinnuframlagi, hæfni og áhuga. Verkefni eru ýmis metin sem *lokid/ólókið* eða gefin hæfnieinkunn með umsögnum og hæfnitáknum (sjá hér). Myndir af verkefnum eru gjarnan settar inn á Mentor með námsmati.

Yfirfarið september 2024